

# HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, MARZ, 1905.

NR. 3.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

## MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA.



### VESTRÆN SKÓLAMENNTUN.



#### I. Í BARNASKÓLANUM.

Hér er andrúmsloft óholt,  
hér er uppfærðslan þó stolt,  
hér er máttur og megin  
úr menningu dregin.

Hér í hugunum inni  
er heilbrigðis synjun:  
Voða vatnsýki' í minni,  
en visnun í skynjun.

Munu' ei glapjaskot gera  
—syr mín stutturða stakan—  
þeir, sem barnsvitið bera  
út á kenninga-klakann?—



#### II. HJÁ LÆRDUM MÖNNUM.

Sérhverja hreyfing og hugargrip  
þú handleikur varkært með spekingssvip,  
unz vandkvæði finnur þú öllu á.—  
Í orðabók þinni' er ei NEI eða JÁ!  
Þú lærdómur bókfærðslu-bleikur,  
þú blóðlausi heiðarlegleikur.

